

Uppfært 29. nóvember 2018

Landssamband smábátæigenda var stofnað 5. desember 1985. LS eru samtök 15 félagasamtaka um allt land. Innan þeirra eru um 820 bátar sem eigendur róa í flestum tilfellum einir eða með einn til þrjá menn með sér. Stjórn LS er skipuð 16 aðilum.

Formaður er Axel Helgason

Tilgangur LS er að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátæigenda á öllum sviðum, vera opinber málsvári þeirra og stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varða.

Smábátar stunda veiðar með umhverfisvænum veiðarfærum. Samkvæmt skýrslu MATÍS frá 2014 er sótspor við veiðar á einu kíló þorsks á smábátum að meðaltali þriðjungur þess sem það mælist við togveiðar.

Línuveiðar dagróðrabáta þegar beitt er í landi er ívilnað með 20% afslætti afla til kvóta. Bæði er það vegna atvinnusköpunar og þess hve umhverfisvænt veiðarfærið er.

Smábátæigendur eru miklir náttúruunnendur. Þeir eru vakandi yfir breytingum á lífríki sjávar, þar sem hitastig og ástand fisksins vega þungt í mati þeirra á sjálfbærni.

LS heldur uppi öflugri gagnrýni á mat Hafrannsóknastofnunar á ástandi hinna ýmsu fiskistofna. Gagnrýnin tekur mið af reynslu og þekkingu sjómanna og upplýsingum frá stofnuninni sjálfri.



Skuldbindingar Íslands með Parísarsamningnum setja skyldur á herðar okkar. Skipafloti Íslands mengar meira en allur bílaflotinn og losar út 20% af öllum gróðurhúsalofttegundum við Ísland. Rökin fyrir eflingu smábátaútgerðar eru því auðsjáanleg.

Samfélagsleg áhrif smábátaútgerðar eru mikil, sérstaklega í dreifðari byggðum landsins og afleidd störf mun fleiri en hjá öðrum útgerðarflokkum.

Þorskur er mikilvægasta fisktegund smábáta, um 64% heildaraflans. Aðrar tegundir sem mikilvægar eru fyrir smábáta eru ýsa, steinbítur, ufsi, grásleppa og makrill.

Strandveiðar þar sem oftast er einn maður um borð eru umhverfisvænustu veiðar hér við land. Þær eru stundaðar á sumrin, mánudaga – fimmtudaga. Afli sem ætlaður er til þessara veiða er of naumt skammtaður og því nýliðun sjómanna ekki nægjanleg.

Markmið LS er að heimilt verði að stunda strandveiðar samfellt tímabilið maí – ágúst, fjóra daga í viku. Á síðastliðnu sumri voru 548 bátar á strandveiðum.

Áherslur LS fyrir auknum hlut smábáta fara saman við náttúruvernd og virðingu fyrir náttúrunni.

Hjá LS er til staðar sérfræðipekking á sviði sjávarútvegs.

Í 30 ár hefur LS stjórnað og haft veg og vanda af alþjóðlegum fundi um grásleppumál.



Gott að vita um LS

1. Smábátáútgærd á Íslandi er í fremstu röð, þar með talið afli og verðmæti á hvern bát.
2. Af heildarafla á síðasta fiskveiðiári var afli smábáta 23,0% alls þorsks sem veiddur var, 23,4% ýsunnar og 52,6% steinbítsins.
3. 85,6 þúsund tonn sem smábátar veiddu skilaði 19,2 milljörðum í aflaverðmæti og útflutningsverðmæti var tvöföld sú upphæð.
4. Við stofnun LS var afli smábáta um 20 þúsund tonn.
5. Hæst hefur aflinn farið í 95 þúsund tonn á fiskveiðiárinu 2016/2017.
6. 1. janúar 1991 komu til framkvæmda ákvæði í lögum um stjórn fiskveiða þar sem kveðið var á um að allir smábátar 6 brl. og stærri voru kvótasettir (950 alls). Aðrir smábátar (1.100 alls) fengu aðlögunartíma til 1. september 1994 að ávinna sér aflaheimildir til kvóta þar sem hlutdeild þeirra var 2,18% - krókabátar.
7. 1. september 2018 var aflahlutdeild krókabáta til þorskveiðiheimilda 17,5%.
8. Landssamband smábátæigenda var stofnað um þá kröfu að gefa handfæra-veiðar frjálssar.
9. Árið 2009 var komið á sérveiðileyfi til handfæraveiða – strandveiðar. Veiðikerfið var lögfest ári síðar. Til strandveiða á árinu 2019 eru ætluð 10.200 tonn – 4% leyfilegs heildarafla í þorski.
10. Félagsgjald til LS er ½% af aflaverðmæti, að hámarki 300 þús. á bát og að lágmarki 26.700 krónur.
11. Félagsmenn njóta sérkjara við olíuinnkaup hjá Skeljungi. Verð fylgir heimsmarkaðs-verði og tekur breytingum um hver mánaðamót. Einnig er veittur 14 – 16 krónur afsláttur á lítra á bifreiðar.
12. Félagsmenn njóta sérkjara hjá Verði varðandi tryggingar
13. Félagsmenn njóta sérkjara hjá Viking við kaup á björgunargalla. Afsláttur er kr 20 þúsund.
14. Félagsmönnum stendur til boða án endurgjalds launareiknir. Með því að setja inn aflaverðmæti reiknar hann sjálfkrafa út aflahlut sem tekur mið af kjarasamningi.
15. Félagsblað LS, BRIMFAXI, kemur út á sjómannadag og um jól. Félagsmenn fá blaðið sent til sín án endurgjalds.
16. Við hver áramót sendir LS félagsmönnum almanak þar sem tilgreindir eru fastir viðburðir ársins ásamt fiskiuppskriftum frá þeim sjálfum.
17. LS er með skrifstofu í eigin húsnæði að Hverfisgötu 105.
18. LS miðlar upplýsingum til félagsmanna gegnum heimasíðu www.smabatar.is og Vaðal (Facebook)
19. LS er umsagnaraðili frumvarpa til laga og reglugerða sem tengjast málefnum smábátæigenda
20. Forsvarsmenn LS eiga sæti í öllum ráðum og nefndum sem tengjast málefnum smábátæigenda
21. LS semur við samtök sjómanna um kaup og kjör á smábátum.
22. Helstu baráttumál líðandi stundar: Veiðigjald, strandveiðar, grásleppuveiðar, makrílveiðar, málefni tengd réttindum og skoðun báta, markaðsmál og sameina smábátæigendur í eitt félag undir merki Landssambands smábátæigenda – LS.